

1861.

12. septbr.

Þaræð endurgjalda á ríkissjóðnum af hinum íslenzka styrktarsjóði fê það, er þér neyðist til að taka úr jarðabókarsjóðnum í þessum tilgangi, þá skorar dómsmálastjórnin á yður að senda hingað, svo skjótt sem unnt er, og í síðasta lagi fyrir lok þessa fjárhagsárs, skýrslu um, hve miklu fê hafi eytt verið, svo stjórnarráðið geti gjört þær ráðstafanir, er með þarf, til þess fêð verði endurgoldið ríkissjóðnum. Annars vonast dómsmálastjórnin eptir, að þér ekki notið leyfi það, er nú hefir verið veitt, nema brýna nauðsyn beri til þess, og skorar á yður að senda, þegar þar að kemur, nákvæma skýrslu um, hvernig ástatt sè í sýslum þessum, og um þær ráðstafanir, er þér hafið gjört í þessu máli.

62. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um kornlán til Snæfellsness sýslu. 12. septbr.

Eptir að dómsmálastjórnin er búin að fá uppástungur yðar, herra amtmaður, í bréfi 27. júlím. þ. á., um þann borgunarfrest og aðra þá skilmála, sem setja ætti um lán á þeim 400 tunnnum af rúgi, sem keyptar voru í fyrra haust að tilhlutun stjórnarráðsins, en ekki komust til Íslands fyrri en í vor eð var, og ætlaðar voru til að varna hallæri, er menn báru kvíðboga fyrir, að bera mundi að höndum í Snæfellsness sýslu, skal yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess þér gjörið þær ráðstafanir, er þurfa í því efni, að korn þetta, sem keypt hefir verið fyrir fê hins íslenzka styrktarsjóðs, má lána þeim sveitum, sem bágstaddastar eru, fyrir venjulegt kaupstaðarverð, en lánið skal endurgoldið á 7 árum í röð, og goldnir af því 4 af hundraði í rentu á ári, og borgaður aptur $\frac{1}{4}$ hluti þess á ári hverju. Því skal við bætt, að skilmálar þessir einnig skulu settir um þær 10 tunnur af korninu, sem, eptir því sem getið er um í bréfi yðar, þegar er búið að lána Neshreppi utan Ennis.